

# JENSENSHÚS ESKIFIRÐI

## Dvalarstaður lista- og fræðimanna.

### Líklega elsta íbúðarhús á Austurlandi.

Unnið hefur verið að endurbyggingu svokallaðs Jensenshúss á Eskifirði sem samkvæmt Einari Braga rithöfundar mun vera elsta uppistandandi íbúðarhús á staðnum og hefur hann lýst sögu hússins í 1. bindi Eskju, byggðasögu Eskifjarðar. Húsið er timburbygging og mun hafa verið reist árið 1837 og hefur þá verið það fyrsta sinnar gerðar á staðnum fyrir utan íbúðarhús kaupmanna sem voru tveir á þeim tíma. Páll Ísfeld snikkari mun hafa byggt húsið fyrir mann að nafni Jón Jóhannesson en hann selur það Þorgrími Jónssyni snikkara árið 1846. Jónas Thorstensen sýslumaður sá fyrsti sem var búsettur á Eskifirði er búandi í húsinu samkvæmt sóknarmannatali árið 1854. Næst hafði þar búsetu frá 1861 Bjarni Thorlacius fyrsti læknir á Eskifirði og bjó þar til 1867. Árið 1875 kaupir Jens Pétur Jensen beykir húsið og bjó hann þar til dánardægurs árið 1912 og hefur húsið verið kennt við hann alla tíð. Síðan hafa fjölmargir búið þar allt fram til 1970. Jensenshús er lítið miðað við nútíma íbúðarbyggingar eða nálægt 4 x 8 metrar að grunnfleti. Ein hæð með bröttu risi. Á neðri hæð eru tvö herbergi eða stofur sín í hvorum enda og inngangur með stiga upp á loftið og eldhúsi í miðju en þar var hlaðinn skorsteinn úr múrsteini og upphaflega mun þar hafa verið opin eldstó. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi undir súð sinn í hvorum enda. Jensenshús hefur verið friðlýst í allmörg ár vegna aldurs en ekki var hafin vinna við það fyrr en í október 1993 en þá voru teknar niður klæðningar á innveggjum en þær voru að mestu leiti óskemmdar frá upphaflegri gerð en innan á veggjum hafði verið klætt með ýmsu móti án þess að raska þeim elstu. Á liðnu vori var hafin endurbygging hússins. Hlaðinn var úr grjóti nýr grunnur undir það til hliðar við húsið og hann hafður nokkuð hærri en sá upprunalegi sem var siginn í jörð og síðan var húið flutt um rúmlega breidd sína frá lóðarmörkum vegna nálægðar nýlegrar byggingar og stendur það nú því nær á miðri lóð sem því tilheyrir. Eskifjarðarbær er eigandi hússins og stendur að endurbyggingu þess og hefur Húsafriðunarsjóður lagt til þess fjármagn að hluta. Áður hafði Byggðarsögufnd Eskifjarðar staðið að kaupum á því af fyrri eigendum með aðstoð frá afmælissjóði Landsbanka Íslands o.f.l. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt gerði uppdrætti og vinnuteikningar á vegum Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns. Umsjón með verkinu hefur haft Geir Hólm safnvörður á Eskifirði og með honum unnu Hans Einarsson húsasmiður og Pétur Karl Kristinsson. Einnig nokkrir unglingar á vegum sumarvinnu Eskifjarðabæjar.

Eskifirði 20.8.1996. Geir Hólm